

Úrslit hönnunarsamkeppni á barmmerki kvennafrídagsins 2010

Kvennafrídagurinn 19. júní var haldinn hátíðlegur í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem hátt í 200 konur komu til að fagna kvenréttindadeginum. Vinningstillögur í hönnunarsamkeppni Skottanna og Hönnunarmiðstöðvarinnar voru kynntar. Merkið á að selja til styrktar kynbundnu ofbeldi og mansali og átti að höfða bæði til karla og kvenna.

Einnig var kvennafrídagurinn opinberlega kynntur og hvenær konur ætla að ganga út frá störfum sínum, nýjustu tölur sýna að konur hafa 65,65% af heildarlaunatekjum karla og geta því með góðri samvisku lagt niður störf kl. 14:25 þann 25. október næstkomandi.

Frú Vigdís Finnbogadóttir verður verndari dagsins.

Alls bárust 24 tillögur af barmmerki í hönnunarsamkeppnina. Sigurvegarar hönnunarsamkeppninnar eru Hrafnhildur A. Jónsdóttir og Tinna Brá Baldvinsdóttir frá Akureyri.

Þær tóku fram að innblásturinn er sóttur í þrívíddargleraugu. Aðeins með þrívíddargleraugum er hægt að sjá raunveruleikann óbrennlaðan. Nælan á því að minna fólk á að horfast í augu við raunveruleikann og sjá hlutina í réttu samhengi. Lituðu glerin, blá og rauð, minna okkur á að mansal og kynbundið ofbeldi er sameiginlegt vandamál kynjanna. Einnig var veitt viðurkenning fyrir fallett merki en hana hlutu Anna Valgerður Jónsdóttir og Helga Ósk Einarsdóttir en þær sendu inn skott af fyrirmynd skotthúfu.



Sýnishorn af verðlaunatillögu

Einnig var kynning á Skottunum sem eru regnhlífasmöt kvenna sem halda utan um kvennafrídaginn 24. - 25. október. Vigdís Finnbogadóttir verndari dagsins hélt erindi. Í ár ætla konur að gera tvennt:

Annars vegar að beina sjónum að kynferðislegu ofbeldi og halda alþjóðlega ráðstefnu sunnudaginn 24. október undir yfirskriftinni: Konur gegn kynbundnu ofbeldi/Women Strike Back 2010.

Hins vegar munu konur leggja niður störf að loknum sanngjörnum vinnudegi mánudaginn 25. október kl. 14:25 þegar þær hafa unnið 65,65% af vinnudeginum. Í Reykjavík verður stór útifundur á Arnarhóli þar sem ræðumenn munu vekja athygli á kynbundnu ofbeldi.

Konur víðs vegar að úr heiminum hafa boðað komu sína til Íslands dagana 24. - 25 október.

Bryndís Bjarnarson
Verkefnistýra kvennafrídagsins 2010
s. 8918206